



Fundargerð

Stjórn SSA 23. September kl. 17.00

Breiðdalsvík Grunnskóli .

Mætt eru . Ólafur Ármannsson, Guðmundur Ólafsson, Ólafur H. Sigurðsson, Valdimar O Hermannsson ,Íris Valsdóttir ,Páll Baldursson og Bj. Hafþór Guðmundsson. Framkvæmdastjóri er mættur.

Formaður setti fund og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár :

1. Fundargerð stjórnar SSA frá 30. ágúst 2010.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

2. Frá Landshlutasamökum sveitarfélaga.

2/1 SASS 436. Fundur 12.sept. 2010.

Lögð fram til kynningar.

2/3 SSNV stjórn 13. Sept. 2010.

Lögð fram til kynningar

3. Frá Sambandi isl. sveitarfélaga.

3/1 XXIV landsþing Sambnads isl. sveitarfélaga 29. sept.-1.okt.

Framkvæmdastjóri SSA og formaður munu sækja þingið sem er á Akureyri.

4. Starfssamningur SSA og framkvæmdastjóra.

Formaður vék af fundi. Varaformaður G.Ó. fór yfir fyrirbyggjandi drög að samningi við Björn Hafþór Guðmundsson frá 1.okt. nk. Samningurinn er ótímabundinn með áætluðum lokum 30. des. 2011. Samningurinn ræddur og gerðar á honum smávægilegar lagfæringar .

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi starfssamning SSA og Bj. Hafþórs Guðmundssonar dags. 23. Sept 2010.

Guðmundur Ólafsson og Valdimar O. Hermannsson undirrituði samninginn fh. stjórnar SSA .

5. Starfslok framkvæmdastjóra SSA .

Formaður kemur til fundar . Framkvæmdastjóri vék af fundi.

Formaður fór yfir fyrirbyggjandi mat Sigurðar Pálssonar lögg. endurskoðanda á strafslokasamningi framkvæmdastjóra s.mbr. 8.gr. samnings frá sept 2006.

Um er að ræða 6 mánaða biðlaun, eftir 12 ár í starfi.

Stjórn SSA samþykkir að 6 mánaða biðlaunagreiðslur framkvæmdastjóra SSA frá 1. okt. nk. greiðist mánaðarlega samkvæmt fyrirbyggjandi mati löggildis endurskoðanda S.P. dags. 22.sept. 2010.

Framkvæmdastjóri mætti síðan til fundar og samkomulagið var undirritað af honum og öllum stjórnarmönnum.

6. Menningarverðlaun SSA 2010.

Formaður hefur farið yfir fyrirbyggjandi tilnefningar sem láu frammi. Hann leggur til að Helgi Hallgrímsson náttúru og fjölfræðingur hljóti menningarverðalun SSA 2010.

Samþykkt samhljóða. Menningarverlauninn verða veitt að venju í hátíðarkvöldverði aðalfundar .

7. Ársskýrsla SSA 2009.

Skýrslan hefur verið send öllum aðildarsveitarfélögum. Stjórnarmenn fengu allir eintak en hún mun m.a nýtast vel við undirbúningsvinnu stjórnarmanna fyrir aðalfundinn sem fram fer síðar í dag.

8. Skýrsla stjórnar SSA til 44. aðalfundar.

Skýrslan er allítarleg , þar sem m.a er farið yfir stærstu sérverkefni SSA á starfsárinu.



Samþykkt að hún verður lögð fram til aðalfundar og lagt til að henni verði vísa til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

9. Tillögur frá stjórn ,starfshópum og stoðstofnunum til 44.aðalfundar.

Farið yfir tillögur frá stoðstofnunum og starfshópum sem borist hafa.

Stjórnarmönnum skipt niður á starfsnefndir og undirbúning og frágang tillagna .

10. 44. Aðalfundur: Dagskrá ,skipulag og framkvæmd.

Endanleg dagskrá yfirfarin og samþykkt. Allnokkar breytingar hafa verið tilkynntar á gestum og einnig 2 framsögumönnum.Farið yfir starfsmanna mál .

11. Önnur mál.

Hátíðarkvöldverður stjórnar SSA verður á Hótel Bláfelli kl. 20.00.

Vinnufundur stjórnar til undirbúnings aðalfundi verður að loknum kvöldverði .

24. sept kl. 08.00 Morgunverður.

08.30-10.00 .

Undirbúningsvinna fyrir aðalfund sem hefst kl. 10.00.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson